

Niðurstöður útboða

Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata – Ásbraut, eftirlit 03-057

Tilboð opnuð 12. maí 2003. Reykjanesumdæmi. Eftirlit með færslu Reykjanesbrautar milli Lækjargötu og Ásbrautar. Í verkinu er einnig innifalið eftirlit með gerð mislægra gatnamóta við Kaldárselsveg, gerð steinsteyprtar göngu-brúar og gerð undirganga undir Reykjanesbrautina ásamt gerð rampa og stíga er verkinu tilheyrir.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. júlí 2004.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Síðari opunarfundur verður mánudaginn 19. maí 2003 kl. 14:15 þar sem lesnar verða upp einkunnir bjóðanda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Bjóðendur

Fjarhitun hf., Reykjavík

Verkfræðistofa Björns Ólafssonar, Kópavogi

Strendingur ehf., Hafnarfirði

Hönnun hf., Reykjavík

VSÓ ráðgjöf, Reykjavík

Fjölhönnun ehf., verkfræðistofa, Reykjavík

Tálknafjarðarvegur (617), um Sveinseyri 03-047

Tilboð opnuð 12. maí 2003. Vestfjarðaumdæmi. Endurlögn Tálknafjarðarvegur á 1,04 km löngum kafla frá vegamótum við Grunnskólann að Hrauni. Ennfremur skal leggja nýja heimreið að Sveinseyri ásamt tilheyrandi vegamótum. Lagfæra þarf tvær tengingar, að laxeldisstöð og að Hrauni.

Helstu magntölur: fylling og fláafleygar 6.500 m³, neðra burðarlag 1.700 m³, efra burðarlag 800 m³. Verki skal að fullu lokið 15. október 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Tækni og ráðgjafar-þjónustan ehf., Tálknafirði	13.950.000	246,8	7.262
1	Stakkafell ehf., Patreksfirði	6.688.200	118,3	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	5.652.800	100,0	-1.035



Í síðasta tölublaði birtum við myndina hér að ofan og óskuðum eftir upplýsingum um nöfn manna. Þar leituðum við langt yfir skammt því í ljós kom að myndin hefur áður verið birt í innanhússfréttabréfi Vegagerðarinnar og í framhaldi af því kom Jónas Gíslason brúasmiður með flest nöfnin:

1 Alfréd Björnsson, 2 Gestur Magnússon, 3 Jónas Gíslason, 4 Daníel Einarsson, 5 Guðni bóndi í Fagradal, 6 Haukur Einarsson, 7 Magnús Árnason múrari í Tjaldanesi, 8 óþekktur, 9 Gísli, 10 Erling Ingólfsson.

Auglýsingar útboða

Héraðsdalsvegur (754) styrking - Mælifellsdalsvegur (F756) mölburður 03-072

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í styrkingu Héraðsdalsvegur og mölburð á Mælifellsdalsvegi.

Helstu magntölur:

Héraðsdalsvegur styrking, lengd kafla 1,58 km. Mælifellsdalsvegur mölburður, lengd kafla 8,5 km. Fyllingar og fláar 670 m³, neðra burðarlag 2.016 m³, malarlitlag 4.078 m³ og frágangur fláa 3.412 m².

Verki skal að fullu lokið 15. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Sauðárkróki og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 20. maí 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 2. júní 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði birtist framkvæmdakort fyrir Vestfirði. Þau mistök urðu að nýir kaflar með bundnu slitlagi voru ranglega merktir sem malarvegir. Þetta á við um Kleifaheiði og Djúpvæg í Kollafirði.

Undanfarin ár hefur staðið yfir mikið átak við að fækka einbreiðum brúm á Snæfellsnesvegi (54) á sunnanverðu Snæfellsnesi og á Mýrum. Nú er að hefjast vinna við brúargerð á Stadará og sýnir myndin gerð hjáleidar til bráðabirgða. Brúavinnuflokkur Vegagerðarinnar frá Hvammstanga mun byggja brúna sem verður 20 m löng.



Framkvæmdafréttir 16. tbl. /03



Framkvæmdir við Snæfellsnesveg (54) um Kolgrafafjörð eru nú hafnar. Verktaki er Háfell ehf. og Eykt ehf., Reykjavík.

Auglýsingar útboða

Þingvallavegur (36), veglýsing um Helgafellsmela 03-073

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboðum í veglýsingu á Þingvallavegi (36) um Helgafellsmela.

Verkið fellst í uppsetningu veglýsingar við gatnamót Hringvegur og Þingvallavegur og á um 2 km kafla með Þingvallavegi. Helstu verkliðir eru gröftur fyrir strengjum, lagning strengja, uppsetning ljósastaura og tenging rafmagns.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 19. maí 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 mánudaginn 2. júní 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Djúpvægur (61), Kleifar - Hestur 03-001

Vegagerðin, Vestfjarðaumdæmi, óskar eftir tilboðum í nýbyggingu Djúpvegar á 31,5 km löngum kafla frá Kleifum í Skötufirði að Hesti í Hestfirði.

Helstu magntölur: Lengd 31,5 km, mölun 52.000 m³, bergskering 120.000 m³, fyllingar 130.000 m³, ræsalögn 1,95 km, neðra burðarlag 40.000 m³, efra burðarlag 46.000 m³, tvöföld klæðing 199.000 m², rofvarnir 65.000 m³, slettuvarnir 39.000 m³.

Verki skal að fullu lokið 1. nóvember 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 19. maí 2003. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Verkið er auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 10. júní 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 16. tbl. 11. árg. nr. 338 19. maí 2003

Ritstjórn og umsjón útgáfu:

Víktor Arnar Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:

Gunnar Gunnarsson

Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:

Vegagerðin

Framkvæmdafréttir

Borgartúni 7

105 Reykjavík

(bréfsími 522 1109)

eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeini sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.